

Fundargerð 412

Föstudaginn 14. febrúar 2014 kl. 10:00 kom stjórn Byggðastofnunar saman til fundar í Safnahúsinu á Neskaupsstað. Þessir stjórnarmenn sátu fundinn; Þóroddur Bjarnason stjórnarformaður, Guðmundur R. Gíslason, Matthildur Helgadóttir Jónudóttir, Ólöf Hallgrímsdóttir, Ólafía Jakobsdóttir, Rögnvaldur Ólafsson og Valdímar Hafsteinsson. Auk þeirra sátu fundinn Aðalsteinn Þorsteinsson forstjóri, Elín Gróa Karlsdóttir forstöðumaður fyrirtækjasviðs, Hjalti Árnason, forstöðumaður lögfræðisviðs og Magnús Helgason, forstöðumaður rekstrarsviðs sem jafnframt ritaði fundargerð.

Formaður setti fund kl. 10:08 og lagði fram eftirfarandi dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar.
2. Skýrsla regluvarðar og erindisbréf.
3. Reglur um almennt hæfi lykilstarfsmanna.
4. Gjaldskrá.
5. Fuglarannsóknarstöð á Raufarhöfn – brothættar byggðir.
6. Fundargerðir lánanefndar.
7. Útlán ársins 2013 – samantekt eftir kyni, atvinnugrein og landshluta.
8. Áhættuflokkun útlána.
9. Eigendastefna um eignarhluti Byggðastofnunar í hlutafélögum.
10. Ráðstefna um byggðamál 2014.
11. Ársfundur 2014, möguleg fundarefni og fyrirkomulag.
12. Önnur mál.
13. Næsti fundur.

Að fundi loknum var fyrirhuguð heimsókn í verksmiðju Síldarvinnslunnar hf. og hún skoðuð í fylgd starfsmanna.

1. Fundargerð síðasta fundar

Formaður bar upp fundargerð síðasta fundar nr. 411 og var hún samþykkt samhljóða og síðan dreift til undirritunar.

2. Skýrsla regluvarðar og erindisbréf

HÁ fór yfir skýrslu regluvarðar vegna ársins 2013. Helstu verkefni síðastliðins árs voru um mat á hæfi stjórnarmanna og dómsmál sem stofnunin átti í, bæði gegn Samvirkni ehf., slitastjórn SPRON og Bör ehf. (áður Lykilhótel ehf.).

Einnig upplýsti hann um uppboð sem fór fram fimmtudaginn 13. febrúar á Hótel Gíg, Lykilhótel, á Skútustöðum í Mývatnssveit en það var slegið hæstbjóðanda á tæpar 400 mkr.

Lagt var fram erindisbréf regluvarðar Byggðastofnunar en samkvæmt 6. grein reglugerðar nr. 995/2007 og sbr. 26. gr. og 130. gr. laga nr. 108/2007 skal fjármálafyrirtæki skipa regluvörð og afmarka verksvið hans.

Formaður bar upp erindisbréf regluvarðar og tillögu að skipun Hjalta Árnasonar sem regluvarðar stofnunarinnar og Guðbjargar Sigurbjörnsdóttur sem vararegluvarðar.

Erindisbréf þetta skal endurskoðað og gefið út að nýju í kjölfar yfirferðar stjórnar á skýrslu regluvörslu 2015.

Samþykkt samhljóða.

3. Reglur um almennt hæfi lykilstarfsmanna

HÁ fór yfir minnisblað um „Reglur um almennt hæfi lykilstarfsmanna“. Að fenginni ábendingu innri endurskoðanda Byggðastofnunar og í samræmi við Leiðbeinandi tilmæli Fjármálaeftirlitsins nr. 3/2010 er gerð tillaga til stjórnar að reglur um það hverjir skulu teljast lykilstarfsmenn Byggðastofnunar skv. skilgreiningu laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki og um hæfi þeirra.

Að mati stjórnar Byggðastofnunar teljast eftirfarandi aðilar ávalt til lykilstarfsmanna:

- forstöðumaður fyrirtækjasviðs
- forstöðumaður lögfræðisviðs
- forstöðumaður rekstrarsviðs
- forstöðumaður þróunarsviðs

Samþykkt samhljóða með þeirri breytingu að bætt er við 5. grein að forstjóri meti hvort þátttaka lykilstarfsmanna í stjórnnum og atvinnurekstri teljist samrýmanleg starfi lykilstarfsmanns.

4. Gjaldskrá

MH fór yfir tillögu um endurskoðun gjaldskrár. Vegna aukinna verkefna er lagt er til að innheimt verði 50% af akstursgjaldi ríkisstarfsmanns eins og Ferðakostnaðarnefnd ákveður hverju sinni fyrir notkun á bifreiðum stofnunarinnar, og að vegna vinnu starfsmanna verði innheimt sem nemur launum og launatengdum gjöldum vegna viðkomandi starfsmanns. Gjaldskráin helst óbreytt að öðru leyti.

Samþykkt samhljóða.

5. Fuglarannsóknarstöð á Raufarhöfn – brothættar byggðir

Náttúrustofu Norðausturlands sótti um styrk í Vaxtarsamning Norðausturlands að fjárhæð 2,95 mkr. og óskar eftir mótframlagi frá Byggðastofnun vegna þess.

AP leggur til við stjórn að verkefnið verði styrkt um 2,3 mkr. úr verkefnasjóðnum Brothættar byggðir.

Samþykkt samhljóða.

Formaður og AP fóru yfir stöðu verkefnisins „Brothættar byggðir“ Umræður urðu um framtíð verkefnisins, hvernig sveitarfélög voru valin inn í verkefnið og hvort taka ætti fleiri sveitarfélög inn í. Fram kom að fleiri byggðarlög hafa óskað eftir þátttöku í

verkefninu. Stefnt er að því að áætlun um framhald verkefnisins verði lögð fyrir næsta stjórnarfund.

Almennar umræður urðu um verkefnið, árangursmælikvarða o.fl.

6. Fundargerðir lánanefndar

Fundargerð lánanefndar nr. 1/14, 15. janúar 2014.

EGK og AÞ fóru yfir fundargerðina.

Fundargerð lánanefndar nr. 2/14, 30. janúar 2014.

EGK og AÞ fóru yfir fundargerðina.

...

...

Fundargerð lánanefndar nr. 3/14, 5. febrúar 2014.

EGK og AÞ fóru yfir fundargerðina.

Fundargerðirnar staðfestar.

...

...

7. Útlán ársins 2013 – samantekt eftir kyni, atvinnugrein og landshluta

EGK fór yfir samantekt um útlán og lánsúmsóknir ársins 2013 sem skipt er eftir kyni, atvinnugreinum og landshlutum.

8. Áhættuflokkun útlána

EGK fór yfir minnisblað um tillögu að áhættuflokkun útlána. Ekki hefur verið fyrir hendi skjalfest aðferðafræði og verklag við áhættuflokkun. Áhættuflokkunin skiptist í almenna áhættu og sértæka áhættu. Almenn áhætta skiptist í sex flokka þar sem áætluð prósentu af núvirði láns er lögð fyrir í afskriftarreikning. Undir sértæka áhættu flokkast 25 stærstu lántakar og lántakar með meira en 120 daga gömul vanskil.

Samþykkt samhljóða.

9. Eigendastefna um eignarhluti Byggðastofnunar í hlutafélögum

AÐ kynnti nýja eigendastefnu um eignarhluti Byggðastofnunar í hlutafélögum sem hún á hlut í.

Samþykkt samhljóða.

10. Ráðstefna um byggðamál 2014

AÐ upplýsti um ráðstefnu um byggðamál sem haldin verður upp úr miðjum september 2014 í samstarfi Byggðastofnunar og Háskólaseturs Vestfjarða og er horft til suðurhluta Vestfjarða varðandi staðsetningu.

11. Ársfundur 2014, möguleg fundarefni og fyrirkomulag

Formaður upplýsti að hann hefði haft samband við atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið varðandi áframhaldandi setu stjórnarmanna.

Ársfundur var ákveðinn 29. apríl nk. í Skagafirði.

Möguleg fundarefni um varnarsvæði og hvað svæði teljist til varnarsvæða. Áhugi er í atvinnuvegaráðuneytinu að opna umræðuna um svæðaskiptingu landsins.

12. Önnur mál

Aflamark Byggðastofnunar – frágangur samninga og staða

AÐ upplýsti um stöðu mála. Auglýst var eftir aðilum til samstarfs á Bakkafirði. Fimm aðilar sóttu um sameiginlega. Drög að samkomulagi hafa verið send en tveir aðilar hafa síðan dottið út en megnið af veiðheimildum á svæðinu eru ennþá undir.

Óskað eftir að formaður og AÐ fái heimild stjórnar til að ljúka gerð samninga v. Bakkafjarðar.

Samþykkt samhljóða.

Sólvellir 23, Breiðdalsvík

Farið hefur verið í vinnu með heimamönnum um nýtingu húsnæðisins og hafa m.a. tæki verið seld úr húsinu. Nýlega kom tilboð um kaup á húsnæðinu og tækjum þar sem gert er ráð fyrir að í húsinu verði 20-60 manna vinnustaður. Kaupverð verði 22 mkr. Formaður og AÐ upplýstu um fund sem þeir áttu með sveitarstjóra Breiðdalsvíkur um morguninn. Stjórn Byggðastofnunar samþykkir tilboðið fyrir sitt leyti, en fyrirvari er þó gerður um að kanna verður réttarstöðu varðandi sölu tækja betur, hvort þar sé kominn á bindandi samningur. Sveitarstjóri Breiðdalshrepps og HÁ forstöðumaður lögfræðisviðs munu vinna málið áfram.

Óskaði AÐ eftir því að geta kallað saman stjórn á símafund til frekari umfjöllunar um málið ef með þarf.

HÁ upplýsti um fasteign á Patreksfirði sem stofnunin eignaðist nýlega eftir gjaldþrot.

13. Næsti fundur

Næsti fundur verður 14. mars nk. á Sauðárkróki.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13:39

Magnús Helgason, fundarritari

_____	_____
_____	_____
_____	_____
_____	_____